



Brunavarnir A-Hún. Stjórnarfundur 8. janúar 2007

Mánudaginn 8. janúar 2007 kom stjórn Brunavarna A-Hún til fundar á skrifstofu Blönduósbæjar kl. 15:00. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2007
2. Ársskýrsla Brunavarna 2006
3. Endurskoðun á samþykktum byggðasamlags um Brunavarnir A-Hún
4. Vinna að hagræðingu rekstrar
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2007

Farið yfir drög að áætlun ársins. Miklar umræður urðu um áætlunina. Samþykkt að fresta fjárhagsáætlun 2007 til næsta fundar Brunavarna.

Slökkviliðsstjóra falið að fara nánar yfir áætlunina í samvinnu við starfandi fjármálastjóra Blönduósbæjar.

2. Ársskýrsla Brunavarna 2006

Formaður fór yfir ársskýrsluna. Fram kemur að úiköll voru tvö á árinu. Sextán slökkviliðsmenn eru á skrá hjá Brunavörnum og að jafnaði eru haldnar æfingar einu sinni í mánuði. Slökkviliðsstjóri svaraði spurningum fundarmanna vegna starfsemi ársins 2006.

3. Endurskoðun á samþykktum byggðasamlags um Brunavarnir A-Hún

Umræður urðu um samþykktir Brunavarna A-Hún. frá árinu 1994 og er þeim vísað til umræðu í sveitarstjórn um Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps.

4. Vinna að hagræðingu rekstrar

Miklar umræður urðu um málið þar sem rekstrarkostnaður hefur hækkað all verulega síðustu ár. Slökkviliðsstjóra falið að afla upplýsinga um uppbyggingu slökkviliða í sambærilegum sveitarfélögum og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

Formanni og slökkviliðsstjóra falið að rita sveitarstjórn um Skagastrandar, Húnaþings vestra og Skagafjarðar bréf og kanna með áhuga á nánari samvinnu slökkviliða.

5. Önnur mál. Stjórnin samþykkir að næsti fundur verði haldinn mánudaginn 22. janúar kl. 12:00.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Gróa Lárusdóttir (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)
Jens Jenssen (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 17:00.
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)